

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Sauðárkróks 1994-2014, þverun Gönguskarðsár, Sveitarfélaginu Skagafirði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 18. maí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sauðárkróks 1994-2014 frá 20. janúar 1997.

Breytingin felst í því að veglína þjóðvegur nyrst í þéttbýlinu á Sauðárkróki breytist þannig að þjóðvegurinn verður framlenging á Eyrarvegi til norðausturs og norður á brú yfir ós Gönguskarðsár. Með færslu vegarins skerðist iðnaðarlóð austan við Eyrarveg en við það stækkar iðnaðarsvæði til norðurs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skagafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 18. maí 2006.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*